

**Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 9. júní 2005 (síðari fundur)**

Ár 2005 9. júní kl. 13:05 var settur fundur að nýju í skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd. Sérstakir gestir fundarins voru Finnur Arnar Arnarsson myndlistarmaður og Björn Samúelsson Lions-maður á Reykhólum.

1) Finnur er búinn að hanna minnismerki um Jón Thoroddsen. Var nefndin búin að fara á vettvang ásamt listamanninum, byggingarfulltrúa, sveitarstjóra og Birni Samúelssyni til þess að finna verkinu stað.

Var verkinu valinn staður skammt suðvestan við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð gegnt Vesturbraut. Nauðsynlegt er að fá samþykki Vegagerðarinnar fyrir bílastæðum og eins samþykki fornminjavarðar í Stykkishólmi.

Finnur og Björn yfirgáfu nú fundinn.

2) Erindi frá Jóhannesi Árnasyni á Hyrningsstöðum. Um er að ræða afstöðumynd af sumarhúsi sem þar er. Málsettar teikningar og hnit vantar. Byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:20

*Þórður Jónsson (sign)*

*Sveinn Ragnarsson (sign)*

*Bogi Kristinsson Magnusen (sign)*

*Gústaf Jökull Ólafsson(sign)*

*Einar Örn Thorlacius(sign)*